

Innlagður fullvirðisréttur sætir sömu breytingum og annar fullvirðisréttur.

Einnig ábyrgist ríkissjóður fullt verð afurða sem svarar minni ásetningsþörf haustið 1991, þ.e. 2,25 kg dillakjöts fyrir hvert ærgildi sem niðurfærslunni nemur, ef innlegg rúmast ekki innan fullvirðisréttar.

23. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er vísað til 38. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1991 nr. 26/1991 og samnings (viðauka I) landbúnaðarráðherra, f.h. ríkisstjórnar Íslands og Stéttarsambands bænda, dags. 11. mars 1991 um aðlögun sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði.

*Landbúnaðarráðuneytið, 2. júlí 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

Nr. 314

## AUGLÝSING

21. júní 1991

**um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Að stöðvunarskylda verði á Þverbrekku og Álfaheiði gagnvart Álfhólsvogi.
2. Að hámarkshraði í Kjarrhólma verði 30 km/klst.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga, um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 21. júní 1991.*

**Ólafur Helgi Árnason, ftr.**

Nr. 315

## AUGLÝSING

27. júní 1991

**um staðfestingu á skipulagstillögu um breytingu á legu vegar og brúar yfir Hrútafjarðará.**

Ráðuneytið hefur í dag staðfest skipulagsuppdrátt, sem felur í sér breytta legu þjóðvegjar fyrir botni Hrútafjarðar og þar með nýtt brúarstæði yfir Hrútafjarðará.

Uppdráttur þessi hefur hlotið meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins, en vegna afstöðu hlutadeigandi hreppsnefnda var málinu vísað til umhverfisráðherra, skv. 3. mgr. 1. gr. skipulagslaga, 3. tl. 3. gr. laga nr. 77/1990.

Eftir að fram hefur farið skv. ákvörðun ráðuneytisins sérstök umhverfiskönnun hefur það í dag staðfest uppdráttinn eins og áður segir.

*Umhverfisráðuneytið, 27. júní 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Páll Líndal.*